

- 2.5. Ef ætla má vegna framkominna atvika að notandi geti ekki greitt gjaldskuldir sínar á gjalddaga þeirra, er heimilt að beita útilokun símasambanda fyrirvaralaust, nema notandi setji fullnægjandi tryggingu fyrir gjaldskuldinni og væntanlegri notkun á yfirstandandi afnotatímabili.

3. Leigutími.

Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur Póst- og símamálastofnunin krafist, að leigutíminn sé minnst eitt ár eða fleiri.

4. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

5. Flutningar.

Ef talsímanotandi óskar eftir flutningi skal hann tilkynna það skriflega til hlutaðeigandi símstöðvar og skal þá flutningur framkvæmdur svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald.

XVIII. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 9. gr. laga nr. 73 frá 1984 um fjarskipti svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála með áorðnum breytingum samkvæmt 8. gr. laga nr. 34 frá 1987 og gengur í gildi 1. febrúar 1992. Reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af símtölum, sém fram fara 1. febrúar 1992 eða síðar. Jafnframt falla þá úr gildi gjaldskrár og reglur nr. 424 20. september 1991 og nr. 6 2. janúar 1992.

Samgönguráðuneytið, 27. janúar 1992.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Lauga í Hvammshreppi, Dalasýslu.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 13. janúar staðfest uppdrátt og greinargerð aðalskipulags Lauga í Hvammshreppi í Dalasýslu.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki Skipulagsstjórnar ríkisins og hreppsnefndar Hvammshrepps.

Umhverfisstjórnuneytið, 13. janúar 1992.

F. h. r.
Páll Líndal

Hrafn Hallgrímsson.